

Ég ♥ traust VR Ég ♥ jafnræði VR Ég ♥ hrós VR Ég ♥ fjölbreytni VR Ég ♥ kaffistofuna
Ég ♥ jákvæðni VR Ég ♥ traust VR Ég ♥ jafnræði VR Ég ♥ hrós VR Ég ♥ fjölbreytni VR
góðan starfsanda VR Ég ♥ jákvæðni VR Ég ♥ traust VR Ég ♥ jafnræði VR Ég ♥ hrós

Ég ♥ góðan starfsanda VR Ég ♥ jákvæðni VR Ég ♥ traust VR Ég ♥ jafnræði VR
Ég ♥ jákvæðni VR Ég ♥ traust VR Ég ♥ jafnræði VR Ég ♥ traust VR
Ég ♥ jákvæðni VR Ég ♥ traust VR Ég ♥ jafnræði VR Ég ♥ traust VR



6
1. MAÍ HALDINN
HÁTÍÐLEGUR

8
HEIMSÓKNIR TIL
FYRIRTÆKJA ÁRSINS

28
ÞJÓNUSTA VR
Í VESTMANNAEYJUM

32
VIÐTAL VIÐ NÝJAN
FORMANN VR



FÉLAGSMÁL

- 03**
Leiðari
- 04**
Fréttir
- 06**
1. maí haldinn hátíðlegur
- 23**
Ríkið brotlegt gagnvart félagsmönnum VR
- 24**
Launakönnun 2017
- 26**
Frá aðalfundi VR – nýr formaður tekur við
- 28**
VR í Vestmannaeyjum
- 32**
Kjarabaráttan snýst um meira en launin – viðtal við nýjan formann VR
- 35**
Verslunarmannafélag Suðurlands

FYRIRTÆKI ÁRSINS

- 07**
Fimm tán fyrirtæki valin Fyrirtæki ársins 2017
- 08**
Stór fyrirtæki – CCP Games
- 09**
Stór fyrirtæki – Johan Rönning
- 10**
Stór fyrirtæki – Nordic Visitor
- 11**
Stór fyrirtæki – S4S

- 12**
Stór fyrirtæki – TM Software
- 13**
Meðalstór fyrirtæki – Expectus
- 14**
Meðalstór fyrirtæki – Fulltingi
- 15**
Meðalstór fyrirtæki – Iceland ProTravel
- 16**
Meðalstór fyrirtæki – Kortþjónustan
- 17**
Meðalstór fyrirtæki – Margt Smátt
- 18**
Lítill fyrirtæki – Beiersdorf
- 19**
Lítill fyrirtæki – Eirvík
- 20**
Lítill fyrirtæki – Rafport
- 21**
Lítill fyrirtæki – Sigurborg
- 22**
Lítill fyrirtæki – Vinnuföt



Forsíðumynd
Birgir Ísleifur Gunnarsson

VR BLAÐIÐ

2. tbl. 39. árgangur júní 2017
Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður
Ragnar Þór Ingólfsson

Ritstjóri
Unnur Guðríður Indriðadóttir

Ritstjórn
Árni Leósson
Fjóra Helgadóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Unnur Guðríður Indriðadóttir

Umbrot og útlit
Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir
Birgir Ísleifur og Guðmundur Þór

Prentun
Oddi

Upplag
27.200

Stjórn VR
Ragnar Þór Ingólfsson formaður
Helga Ingólfssdóttir varaformaður
Harpa Sævarsdóttir ritari
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Dóra Magnúsdóttir
Elisabeth Courtney
Guðrún Björg Gunnarsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Unnur María Pálmadóttir

Varamenn
Guðrún Björk Hallgrímsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Rannveig Sigurðardóttir

BLIKUR Í SMÁSÖLU

Mikið hefur farið fyrir komu Costco í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum frá því fréttir bárust af áhuga fyrirtækisins að opna á Íslandi. Fylgst hefur verið með undirbúningi þangað til allar flóðgáttir opnuðust er fyrirtækið lauk upp dyrum sínum fyrir íslenskum neytendum.

Það sem fer lítið fyrir í umræðunni er umhverfi fyrirtækja og þróun í smásölurekstri fram að þeim tímamarki að stór erlend verslunarkerja opnar á Íslandi með svo fordæmalausum hveli að skipting markaðshlutdeildar umturnaðist á einni nóttu.

Ein af stóru breytingunum sem á sér stað í smásöluverslun er að erlendir framleiðendur eru í auknum mæli farnir að selja sína framleiðslu beint til neytenda eða í gegnum netverslunarrisa sem keyra á tilboðum og afsláttum. Þannig sniðganga þeir umboðs- eða dreifingaraðila og hinn endanlega seljanda vörunnar. Þetta hefur til dæmis gjörbreytt stöðu þeirra framleiðenda sem áttu undir högg að sækja en geta nú boðið betra verð með betri framlegð á mun stærri markaði. Dæmi er um að stórar verslunarkerjur hafi dregið verulega úr opnun nýrra verslana eða hreinlega fækkað þeim. Smærri verslanir og fyrirtæki erlendis hafa í stórum stíl hætt eða farið í þrot. Aukning hefur hinsvegar verið í minni verslun með vörur og hönnun sem ekki eru fánlegar á stórmarkaði netsins eða eru fjöldaframleiddar.

Bakgrunnur minn kemur úr verslun þar sem ég starfaði við sölu og innkaup í um 25 ár og hef fylgst vel með þessum miklu breytingum hér heima og erlendis. Erendis hafa litlar sérverslanir átt undir högg að sækja vegna sama umhverfis og verslanir hér heima. Skýrasta dæmið er að neytandi fer í verslun og fær kynningu á vöru, skoðar stærð og liti og fær sérhæfða þjónustu og ráðgjöf um hvað skal kaupa og hvað hentar best. Viðskiptavinurinn þakkar fyrir sig og ætlar að hugsa málið en fer heim og pantar vöruna af netinu sem hann fær heim að dyrum fyrir lægra verð en hann annars hefði greitt í viðkomandi verslun. Umhverfi og samkeppni smásöluverslunar og þá sérstaklega í sérvöru hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár, ekki bara á Íslandi heldur einnig í öðrum heimsálfum. Breytingin verður einna mest vegna mikillar aukningar á netverslun síðastliðin áratug þar sem heimurinn er nánast orðinn eitt markaðssvæði og fyrirtæki geta ekki lengur varið sín markaðssvæði í skjóli samninga við birgja eða framleiðendur. Ein stærsta breytingin á Íslandi varð þegar íslenskum neytendum gafst kostur á að panta vörur af erlendum smásölurissum sem opnuðu fyrir sendingar til Íslands. Í krafti stærðar sinnar bjóða þeir sendingarkostnað ymist frítt eða gegn gjaldi sem innfalið er í verði eða á kjörum sem ekki hafa boðist áður.

Af hverju er verðið lægra á netinu? Á því eru margar skýringar og er ein þeirra sú að þegar verslað er við netverslun þarftu að vita hvað þú ert að kaupa þar sem þjónustustigið er nánast eingöngu bundið við að taka við pöntun og greiðslu og koma henni í tiltekt. Lagerhald getur verið nánast hvar sem er í heiminum og er ekki bundið við að vera í dýru verslunarhúsnæði. Einstaklingur getur pantað fimm hluti af sömu netsíðu en vörunnar sendar frá jafnmörgum mismunandi stöðum. Þessi þróun og miklu breytingar skilja eftir margar spurningar og áskoranir. Hvernig mun sérvöru- og smásöluverslun framtíðarinnar þróast og reiða af og hvernig mun markaðurinn bregðast við? Erendis er farið að þjálfar starfsfólk sérstaklega í að sinna afgreiðslu pantana í gegnum netsíður sem eru opnar allan sólarhringinn og stéttarfélag farin að gefa þessari þróun meiri gaum. Það er ljóst að mikilla breytinga er að vænta á þessum markaði bæði hér heima og erlendis. Þróun sem hófst ekki með komu Costco til Íslands heldur hefur staðið yfir síðastliðin áratug eða svo. [væ](#)

Ragnar Þór Ingólfsson

Formaður VR



» Umhverfi og samkeppni smásöluverslunar og þá sérstaklega í sérvöru hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár, ekki bara á Íslandi heldur einnig í öðrum heimsálfum. «

RAGNAR ÞÓR INGÓLFSSON
FORMAÐUR VR




ÁRSFUNDUR DEILDAR VR Í VESTMANNAEYJUM

Ársfundur deildar VR í Vestmannaeyjum var haldinn 23. maí síðastliðinn. Bjarni Daníelsson var kosinn formaður deildarinnar til tveggja ára en í stjórn voru kosnar sem aðalmenn Sigríður Stefánsdóttir til eins árs og Þórhildur Ragna Karlsdóttir til tveggja ára. Varamenn í stjórn voru kosin þau Guðný Hrefna Einarsdóttir til tveggja ára og Sigurjón Lárusson til eins árs.



ÁRSFUNDUR DEILDAR VR Á AUSTURLANDI

Ársfundur deildar VR á Austurlandi var haldinn 16. maí síðastliðinn. Formaður deildarinnar, Kristín María Björnsdóttir, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemi VR á félagssvæði deildarinnar síðasta starfsár. Kosið var í stjórn deildarinnar og var Kristín María Björnsdóttir endurkjörin formaður. Eygló Friðriksdóttir og Gunnar Heiðberg Gestsson voru kosin aðalmenn og Anna Karlsdóttir, Ellen Rós Baldvinsdóttir og Ingunn Kjartansdóttir voru kosnar varamenn. Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, ávarpaði fundinn og kynnti sig og áherslur sínar sem formaður.



FÉKKSTU EKKI ÖRUGGLEGA LAUNAHÆKKUN?

Samkvæmt kjarasamningum VR hækkuðu laun og kaupstaxtar um 4,5% frá og með 1. maí 2017. Hækkunin tekur til launa fyrir maímánuð og kom því til útborgunar hjá flestum félagsmönnum þann 1. júní síðastliðinn.

VR OG SA

- Laun og launatengdir liðir hækkuðu þann 1. maí 2017 um 4,5%.
- Lágmarkstaxtar hækkuðu allir um 4,5% en byrjunarlaun hækkuðu til viðbótar um 1.700 kr. á mánuði. Sjá lágmarkstaxta VR og SA á: vr.is/kjaramal/laun/.
- Lágmarkstekjur fyrir fullt starf, 171,15 klst. á mánuði (39,5 stundir á viku) fyrir 18 ára og eldri eftir 6 mánaða starf hjá sama fyrirtæki (þó að lágmarki 900 stundir) er 280.000 kr. frá 1. maí 2017.
- Orlofsuppbót 2017 er 46.500 kr., til greiðslu þann 1. júní 2017, miðað við fullt starf.
- Desemberuppbót 2017 er 86.000 kr. og greiðist eigi síðar en 15. desember, miðað við fullt starf.
- Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar úr 8,5% í 10% þann 1. júlí 2017.

VR OG FA

- Laun og launatengdir liðir hækkuðu þann 1. maí 2017 um 4,5%.
- Lágmarkstaxtar hækkuðu allir um 4,5%. Sjá lágmarkstaxta VR og FA á: vr.is/kjaramal/laun/.
- Orlofsuppbót 2017 er 46.500 kr., til greiðslu þann 1. júní 2017, miðað við fullt starf.
- Desemberuppbót 2017 er 86.000 kr. og greiðist eigi síðar en 15. desember, miðað við fullt starf.
- Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar úr 8,5% í 10% þann 1. júlí 2017.

KAFFISAMSÆTI FYRIR ELDRI FÉLAGSMENN Á UPPSTIGNINGARDAG

Hátt í 600 eldri félagsmenn nutu kaffiveitinga í Hörpu á uppstigningardag en hefð hefur skapast fyrir því að VR bjóði eldri félagsmönnum sínum til kaffisamsætis á þessum degi. Örn Árnason skemmti gestum og Elísabet Ormslev söng nokkur vel valin lög.



MUNDU EFTIR ORLOFSUPPBÓTINI!

Orlofsuppbót félagsmanna VR er 46.500 kr. árið 2017, m.v. fullt starf, og á að greiða þann 1. júní. Fullt starf er 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof á orlofsárinu frá 1. maí 2016 til 30. apríl 2017.

Uppbótin greiðist miðað við starfshlutfall og starfstíma öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi fyrstu viku í maí. Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum kjarasamnings. Skattar og skyldur, félagsgjöld og lífeyrissjóður greiðast af orlofsuppbót. Orlof greiðist ekki ofan á orlofsuppbótina.

BARÁTTU- DAGUR VERKAFÓLKS HALDINN HÁTÍÐLEGUR ÞANN 1. MAÍ

Nokkur hundruð félagsmenn og aðrir góðir gestir sóttu verkalyðs-kaffi VR í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi verkafólks sem var haldinn hátíðlegur eins og venja er þann 1. maí síðastliðinn.

Kröfugöngur voru gengnar meðal annars á Akranesi og Selfossi og baráttufundur var haldinn í Vestmannaeyjum skipulagður af stéttarfélagunum. Kröfugangan í Reykjavík var á sínum stað þar sem safnast var saman á Hlemmi og gengið niður á Ingólfstorg þar sem haldinn var útifundur verkalyðsfélaganna. Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, hélt ávarp á útifundi sem haldinn var í tilefni dagsins á Austurvelli.

Gríðargóð mæting var á Fjölskylduskemmtun VR sem var haldin í frábæru veðri þann 6. maí á Klambatúni. Skemmtiskokk VR var á sínum stað og fengu allir þátttakendur verðlaunapening. Eftir hlaupið voru grillaðar pylsur og ísbíllinn mætti á svæðið. Sóli Hólm sá um að kynna dagskrána en meðal þeirra sem komu fram var Emmsjé Gauti og ungar tónlistarkonur í Hagskóla sem kalla sig RuGI. Fyrirhugað var að halda hátíðina í tengslum við 1. maí en vegna veðurs var henni frestað um nokkra daga. [VR](#)



FIMMTÁN FYRIRTÆKI VALIN FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017

Niðurstöður í könnun VR á Fyrirtæki ársins 2017 voru kynntar í maí. Alls voru fimmtán fyrirtæki valin sem Fyrirtæki ársins í þremur stærðarflokkum en breyting var gerð á viðurkenningum í ár og Fyrirtækjum ársins fjölgað úr þremur í fimm í hverjum flokki. Viðurkenningarnar voru afhentar í fjölmennri móttöku í Hörpu þann 18. maí sl.



Val á Fyrirtækjum ársins 2017 byggir á niðurstöðum könnunar meðal félagsmanna og þúsunda annarra starfsmanna á vinnumarkaði en félagið hefur staðið fyrir þessari könnun árlega í tvo áratugi. Í ár var gerð breyting á kynningu á niðurstöðunum og alls fimm fyrirtæki tilnefnd sem Fyrirtæki ársins í hverjum af stærðarflokkunum þremur í stað eins áður.

- Fyrirtæki ársins 2017 í hópi fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri eru CCP, Johan Rönnung, Nordic Visitor, S4S og TM Software.
- Fyrirtæki ársins 2017 í hópi fyrirtækja með 20–49 starfsmenn eru Expectus, Fulltingi, Iceland ProTravel, Kortþjónustan og Margt smátt.
- Fyrirtæki ársins 2017 í hópi fyrirtækja með færri en 20 starfsmenn eru Beiersdorf, Eirvík, Rafport, Sigurborg og Vinnuföt.

ALLIR Í FYRIRTÆKINU GETA TEKID ÞÁTT

Þá var einnig gerð sú breyting í ár að einungis fyrirtæki þar sem allir starfsmenn höfðu tækifæri til að taka þátt, óháð stéttarfélagsaðild, komu til greina í valinu á Fyrirtæki ársins eða Fyrirmyndarfyrirtæki en þann titil fá þau fyrirtæki sem eru í sætum 6 til 15 í hverjum stærðarflokki. Könnun VR er send á alla félagsmenn en félagið hefur í ríflega áratug gert fyrirtækjum kleift að tryggja öllum starfsmönnum, burtséð frá stéttarfélagsaðild, þátttöku í könnuninni. Af 240 fyrirtækjum sem komust inn á lista VR yfir Fyrirtæki ársins 2017 eru 160 sem tryggðu öllum starfsmönnum þátttöku-rétt og hafa aldrei verið fleiri.

Með því að bjóða öllum að taka þátt eykst notagildi könnunarinnar og niðurstöðurnar endurspeglar viðhorf allra starfsmanna en ekki eingöngu ákveðins hóps, eins og vill verða þegar eingöngu VR félagar taka þátt. Könnunin tekur á öllum helstu málum sem varða innra starfsumhverfi fyrirtækja og viðhorf starfsmanna þeirra. Mörg fyrirtæki nota niðurstöðurnar til að bæta það sem þarf að lagfæra í aðbúnaði starfsmanna og því er mikilvægt að heyra frá sem flestum.

NÍU LYKILÞÆTTIR Í STARFSUMHVERFINU

Könnun VR mælir viðhorf starfsmanna til níu lykilþátta í innra umhverfi fyrirtækja. Þetta eru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt og jafnrétti. Valið á Fyrirtæki ársins byggir á niðurstöðum úr samtals 60 spurningum. Hæsta einkunn er fimm en sú lægsta er einn. Hver lykilþáttur fær einkunn og mynda einkunnir allra þáttanna níu heildareinkunn fyrirtækis. Þau fimm fyrirtæki sem fá hæstu heildareinkunn í hverjum flokki eru svo Fyrirtæki ársins, eins og fyrr segir.

En könnun VR á Fyrirtæki ársins snýst ekki eingöngu um að velja Fyrirtæki ársins. Tilgangurinn er fyrst og fremst að kanna aðbúnað starfsmanna á vinnumarkaði og fylgjast með þróun á viðhorfi þeirra til helstu þátta í innra starfsumhverfi fyrirtækjanna. Niðurstöðurnar nýtast þannig félaginu í kjarabaráttu sinni og renna fleiri stoðum undir starfsemi þess og þjónustu.

UM FRAMKVÆMDINA

Alls fengu ríflega þrjátíu þúsund starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum senda könnun í ár og bárust hátt í fjórtán þúsund svör frá starfsmönnum eitt þúsund fyrirtækja. Gerð er krafa um 35% lágmarkssvörin í könnuninni, að öðrum kosti eru niðurstöður fyrirtækisins ekki birtar. Alls uppfylltu 240 fyrirtæki þá kröfu og byggir val á Fyrirtækjum ársins á viðhorfi starfsmanna þessara fyrirtækja.

Sjá nánar um framkvæmd og hugmyndafræði könnunarinnar sem og ítarlega umfjöllun um niðurstöðurnar á vef VR, www.vr.is.



Stór fyrirtæki CCP GAMES

CCP Games fékk alls 4,44 í einkunn í könnun VR en meðaleinkunn í þessum stærðarflokki var 4,13. Hæsta einkunn fyrirtækisins var fyrir jafnrétti, 4,77 sem er jafnframt hæsta einkunn fyrirtækja fyrir þáttinn í stærðarflokknum. Heildareinkunn CCP árið 2016 var 4,38. Flestar einkunnir fyrirtækisins eru svipaðar á milli ára, þó hækkar einkunn fyrir jafnrétti úr 4,57 í 4,77 og einkunn fyrir ánægju í starfi og stolti af fyrirtæki hækkar einnig milli ára. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.

Fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri	Meðaltal fyrirtækja	CCP Games
Heildareinkunn	4,133	4,443
Stjórnun	4,16	4,40
Starfsandi	4,35	4,66
Launakjör	3,24	3,74
Vinnuskilyrði	3,98	4,41
Sveigjanleiki vinnu	4,42	4,61
Sjálfstæði í starfi	4,31	4,45
Ímynd fyrirtækis	4,22	4,41
Ánægja og stolt	4,27	4,48
Jafnrétti	4,23	4,77

ÁSA M. ÓLAFSDÓTTIR

Mannauðsstjóri hjá CCP

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR CCP AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Það er okkur í mannauðsdeild CCP mikils virði að sjá hversu ánægt fólkíð okkar er og það að CCP hafi verið valið Fyrirtæki ársins 2017 er kærkomin staðfesting á því að CCP sé á réttri leið. Þessi viðurkenning hefur mikið gildi fyrir fyrirtækið út á við þar sem við verðum eftirsóknarverðari vinnustaður fyrir fólk í atvinnuleit. Við gleðjumst samt mest yfir því að nú á 20 ára afmælisárinu er CCP meðal bestu fyrirtækja á Íslandi að vinna fyrir.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Virðing og sanngirni eru grundvöllur allra góðra ákvarðana sem snerta starfsfólk því gagnkvæm virðing og sanngjarnt starfsumhverfi kallar fram það besta í okkur öllum. Við leitum sífellt leiða til að gera betur, hvort sem það er í launamálum, jafnréttismálum eða öðru í vinnuumhverfi CCP, en við vitum að mesta starfsánægjan verður til þegar fólk hefur umboð til athafna, vinnur að áhugaverðum verkefnum, býr við sveigjanleika og sjálfstæði í starfi, er metið að verðleikum og hefur tækifæri til að þróa færni sína og þekkingu og verða stöðugt betri í sínu fagi.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Við ætlum ekki að slaka neitt á, heldur halda áfram að gera betur á morgun en í dag. Nú höfum við titil að verja.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER CCP?

CCP hf. er framleiðandi tölvuleikja, meðal annars hins vinsæla EVE Online og sýndarveruleikaleikjanna EVE: Valkyrie og Gunjack. Um 230 manns starfa hjá CCP hf. á Íslandi.





HARALDUR LÍNDAL PÉTURSSON

Forstjóri Johan Rönning

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR FYRIRTÆKIÐ AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Það er ákaflega ánægjulegt og mikil viðurkenning fyrir fyrirtækið að bera þessa nafnbót. Að fá svona jákvæða endurgjöf frá starfsfólki gegnum vinnu- markaðskönnun VR gerir niðurstöðuna mjög marktæka og gefur okkur að auki gott tækifæri að vinna áfram með niðurstöðurnar. Viðurkenningin vekur mikla athygli sem um leið gefur okkur tækifæri til að ná í og halda hæfileikaríku starfsfólki. Viðurkenningin hefur enn fremur jákvæð áhrif í samskiptum við birgja og viðskiptavini á margan hátt.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Ef fyrirtæki vill verða fyrirmyndarfyrirtæki þegar kemur að starfsmanna- málum þá þarf að leggja metnað, áhuga og vilja til að vinna þau mál faglega. Það er markmið eigenda og stjórnenda fyrirtækisins að stunda slík vinnubrögð með opnum og hispurlausum samskiptum og um leið veita starfsmönnum tækifæri að þróast og vaxa í starfi. Hvort fyrirtækið verður síðan kosið „Fyrirtæki ársins“ verður auðvitað að koma í ljós með endurgjöf starfsmanna í könnun VR.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Það er markmið félagsins að gera betur ár frá ári í öllu því sem við tileinkum okkur. Við munum að sjálfsögðu halda áfram á núverandi braut og byggja ofan á það góða innra og ytra starf sem unnið hefur verið að á undanförm- um árum. Við munum halda áfram að hlusta og gefa starfsfólki fyrirtækis- ins tíma til að koma hugmyndum/málefnum sínum á framfæri. Við gerum starfsfólki sjálft líka ábyrgt fyrir því að viðhalda jákvæðu og áhugaverðu vinnuumhverfi með endurgjöf þeirra á milli.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER JOHAN RÖNNING?

Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra, Sindra Vinnuföt, Efnissólu G.E. Jóhannssonar og Vatn og veitur.

Stór fyrirtæki JOHAN RÖNNING

Johan Rönning fékk 4,56 í heildareinkunn í könnun VR í ár, en meðaltal stærri fyrirtækja er 4,13. Hæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir ímynd eða 4,82 samanborið við 4,22 að meðaltali í stærðarflokknum. Þetta er hæsta einkunn fyrir þennan lykilkátt í stærðarflokknum og deilir Rönning fyrsta sætinu með Nordic Visitor. Heildareinkunn Rönning árið 2016 var 4,64. Einkunn fyrir ímynd hækkar á milli ára en hún var 4,75 árið 2016.

Fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri	Meðaltal fyrirtækja	Johan Rönning
Heildareinkunn	4,133	4,556
Stjórnun	4,16	4,59
Starfsandi	4,35	4,66
Launakjör	3,24	3,89
Vinnuskilyrði	3,98	4,41
Sveigjanleiki vinnu	4,42	4,58
Sjálfstæði í starfi	4,31	4,58
Ímynd fyrirtækis	4,22	4,82
Ánægja og stolt	4,27	4,67
Jafnrétti	4,23	4,72





Stór fyrirtæki NORDIC VISITOR

Nordic Visitor fékk 4,47 í heildareinkunn samanborið við 4,42 árið 2016 og stendur nánast í stað milli ára. Ímynd fyrirtækisins fær hæstu einkunn, 4,82 og er fyrirtækið efst í þessum þætti í hópi stórra fyrirtækja ásamt Johan Rönnung. Mesta breyting á milli árána 2016 og 2017 hjá Nordic Visitor er í vinnuskilyrðum en einkunn fyrir þann þátt hækkar úr 3,79 í fyrra í 4,50 í ár. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.

Fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri	Meðaltal fyrirtækja	Nordic Visitor
Heildareinkunn	4,133	4,466
Stjórnun	4,16	4,61
Starfsandi	4,35	4,71
Launakjör	3,24	3,21
Vinnuskilyrði	3,98	4,50
Sveigjanleiki vinnu	4,42	4,56
Sjálfstæði í starfi	4,31	4,33
Ímynd fyrirtækis	4,22	4,82
Ánægja og stolt	4,27	4,67
Jafnrétti	4,23	4,56

ÞÓRA BJÖRK ÞÓRHALLSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri Nordic Visitor

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR NORDIC VISITOR AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Starfsmenn Nordic Visitor eru okkar mikilvægasta auðlind. Saman höfum við náð að skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi og öfluga liðsheid á jafningjagrunni. Að fá viðurkenningu eins og þessa er okkur verulega dýrmætt og staðfesting á að við erum á réttri braut.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?


Það eru margir þættir sem spila inn í en svona árangur næst eingöngu með góðri samvinnu. Við leggjum mikla áherslu á opin og heiðarleg samskipti og lykilkpáttur í okkar árangri byggir á framlagi, þekkingu og samstarfi allra sem hér starfa. Grunnildin okkar eru traust, gæði, helgun og persónuleg þjónusta og þau lýsa viðhorfi okkar, hvort sem er í samskiptum eða vinnubrögðum.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Við vinnum markvisst að umbótastarfi árið um kring og það er mikill metnaður að gera enn betur í dag en við gerðum í gær. Við erum virkilega stolt af þessari viðurkenningu sem hvetur okkur enn frekar að halda áfram að gera vel og vanda okkur í samskiptum og vinnubrögðum.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER NORDIC VISITOR?

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda og Skotlands sem og fyrirtækjaferðir til Íslands.





HERMANN HELGASON

Framkvæmdastjóri S4S

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR S4S AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Fyrirtæki ársins hefur mikla þýðingu fyrir S4S og gefur okkur til kynna hvernig starfsfólki líður í vinnunni og hver hugur starfsmanna er til fyrirtækisins og stjórnenda, þetta veitir okkur stolt og ánægju og hvetur okkur til að halda áfram.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Fyrirtæki ná ekki árangri nema með frábæru starfsfólki sem vinnur saman að markmiðum og veit hvert það er að stefna á hverjum degi, í hverjum mánuði og yfir árið. Mikilvægt er að hver og einn fái að njóta sín eins og kostur er. Einnig er mikilvægt að hafa góða stemningu innan fyrirtækisins og fá alla til að taka þátt.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Við munum gera allt til að vera áfram í fremstu röð, vinna í veikleikum okkar og halda áfram að vera Fyrirtæki ársins.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER S4S?

S4S er verslunarfyrirtæki með skó og fatnað.



Stór fyrirtæki S4S

S4S fékk 4,42 í heildareinkunn samanborið við 4,13 sem er meðaltalið í hópi stórra fyrirtækja. Tveir þættir voru jafnir og efstir hjá fyrirtækinu með einkunnina 4,67, það er sjálfstæði í starfi og ímynd fyrirtækis. Árið 2016 fékk S4S 4,39 í heildareinkunn og stendur því nánast í stað á milli ára. Einkunn fyrir jafnrétti hækkar þó nokkuð á milli árána 2016 og 2017, úr 4,37 í fyrria í 4,56 í ár.



Fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri	Meðaltal fyrirtækja	S4S
Heildareinkunn	4,133	4,421
Stjórnun	4,16	4,34
Starfsandi	4,35	4,56
Launakjör	3,24	3,90
Vinnuskilyrði	3,98	4,05
Sveigjanleiki vinnu	4,42	4,40
Sjálfstæði í starfi	4,31	4,67
Ímynd fyrirtækis	4,22	4,67
Ánægja og stolt	4,27	4,66
Jafnrétti	4,23	4,56



Stór fyrirtæki TM SOFTWARE

TM Software fékk 4,44 í heildareinkunn í ár sem er umtalsverð hækkun frá 2016 en þá var heildareinkunnin 4,14. Hæsta einkunn TM Software í ár er fyrir sveigjanleika í vinnu eða 4,72. Starfsandinn fær næsthæstu einkunn, 4,62. Allar einkunnir TM Software hækka á milli ára, sumar umtalsvert. Einkunn fyrir þáttinn stjórnun hækkar mest á milli ára eða úr 3,99 í 4,52. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.

Fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri	Meðaltal fyrirtækja	TM Software
Heildareinkunn	4,133	4,438
Stjórnun	4,16	4,52
Starfsandi	4,35	4,62
Launakjör	3,24	3,80
Vinnuskilyrði	3,98	4,29
Sveigjanleiki vinnu	4,42	4,72
Sjálfstæði í starfi	4,31	4,42
Ímynd fyrirtækis	4,22	4,44
Ánægja og stolt	4,27	4,53
Jafnrétti	4,23	4,55

HÁKON SIGURHANSSON

Framkvæmdastjóri TM Software

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR TM SOFTWARE AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Það er mikill heiður að vera valið Fyrirtæki ársins 2017 og ánægjuleg staðfesting á þeim árangri sem starfsmenn fyrirtækisins hafa náð í að gera góðan vinnustað enn betri. Það skiptir okkur miklu máli að starfsfólk sé ánægt í starfi og því líði vel, það er grunnurinn að góðu gengi fyrirtækisins. Þessar niðurstöður eru mjög jákvæð skilaboð út á við, til viðskiptavina okkar, samstarfsaðila og framtíðarstarfsmanna.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?


Við höfum markvisst unnið að því að gera TM Software að betri og enn áhugaverðari vinnustað. Það eru margir hlutir sem hafa áhrif og verkefni og áherslurnar af ýmsum toga. Það er líka mikilvægt að fylgjast vel með starfsánægju og við gerum það meðal annars með mánaðarlegum mælingum og nákvæmari greiningum sem eru gerðar sjaldnar.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Við lítum á þessa viðurkenningu sem hvatningu til að slá ekki slöku við og munum því vinna áfram að því að gera TM Software að enn betri vinnustað.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER TM SOFTWARE?

TM Software þróar hugbúnaðarlausnir fyrir aðila í heilbrigðis- og ferðaþjónustu ásamt því að bjóða fyrirtækjum þjónustusíður, sérþróun og ráðgjöf.





ANNA BJÖRK BJARNADÓTTIR

Framkvæmdastjóri Expectus

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR EXPECTUS AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Að vera valið Fyrirtæki ársins og vera meðal efstu fyrirtækja þriðja árið í röð er hvatning fyrir okkur til að gera enn betur á enn markvissari hátt í framtíðinni. Þetta eykur samkennd og meðvitund um að samvinnan við að gera vinnuna okkar skemmtilega og gefandi er að skila sér. Þá er auðvitað ekki verra að við finnum fyrir miklum meðbyr og auknum skilningi á fyrirtækinu okkar á markaðnum í kjölfarið. Fólk sækist eftir að fá að vinna með okkur, bæði sem viðskiptavinir og starfsmenn. Það fyllir okkur gleði og stolti.



HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Eitt af aðal markmiðum okkar er einfaldlega að það sé gaman og gleðilegt að mæta í vinnuna á hverjum morgni og eiga samskipti við hvert annað og okkar viðskiptavini. Góð menning á vinnustaði er ekki eitthvað sem verður til í gegnum skammtíma átaksverkefni. Grunnurinn var lagður strax við stofnun fyrirtækisins 2009, þegar ákveðið var að leiðarljós okkar ætti að vera gildismat myndað af krafti, heiðarleika og samvinnu. Hér skipta allir máli og sameiginleg ábyrgð á góðum vinnustaði og þar með árangri er það sem einkennir Expectus. Við treystum hverju öðru til að taka ákvarðanir sem varða okkur öll og okkar viðskiptavini.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Halda áfram að gera okkar gildum hátt undir höfði og rækta þau af einlægni. Við hlökkum til að skoða niðurstöður könnunarinnar betur og átta okkur í sameiningu á hvar við getum gert enn betur og hvernig við viðhöldum því sem gott er.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER EXPECTUS?

Expectus veitir ráðgjöf í stjórnun og upplýsingatækni og aðstoðar með því fyrirtæki og stofnanir við að móta stefnu til framtíðar, innleiða stefnuna markvisst alla leið í takt við árangursmiðuð markmið og við að hámarka nýtingu á upplýsingatækni í hvívetna til að auka skilvirknir góðrar samvinnu, auka gæði gagna, mæla árangur og gera hann sýnilegan á hverjum tíma.

Meðalstór fyrirtæki EXPECTUS

Expectus fékk 4,65 í heildareinkunn í könnuninni í ár og er hæsta einkunn fyrirtækisins fyrir starfsandann, 4,87. Meðaltal fyrir þann þátt er 4,36 hjá fyrirtækjum í þessum stærðarflokki. Sjálfstæði í starfi og stjórnun fá einnig yfir 4,8 í einkunn. Heildareinkunn Expectus árið 2016 var 4,70 og hefur fyrirtækið nánast staðið í stað á milli ára. Ánægja með sveigjanleikann eykst á milli ára og sama má segja um sjálfstæði í starfi. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.

Fyrirtæki með 20 til 49 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Expectus
Heildareinkunn	4,191	4,651
Stjórnun	4,19	4,83
Starfsandi	4,36	4,87
Launakjör	3,44	3,85
Vinnuskilyrði	4,10	4,55
Sveigjanleiki vinnu	4,46	4,71
Sjálfstæði í starfi	4,36	4,84
Ímynd fyrirtækis	4,37	4,74
Ánægja og stolt	4,34	4,78
Jafnrétti	4,12	4,57





Meðalstór fyrirtæki FULLTINGI

Fulltingi fær einkunnina 4,65 og eru einkunnir fyrir fjóra af níu lykilþáttum 4,8 eða hærr. Þrír af þessum þáttum eru stjórnun, starfsandi og sveigjanleiki í vinnu en mesta ánægjan er hins vegar með vinnuskilyrðin en þar er hæsta einkunn fyrirtækisins, 4,87 sem er jafnframt hæsta einkunn fyrir þennan þátt í flokki meðalstórra fyrirtækja. Einkunn Fulltingis árið 2016 var 4,52 og hækkar fyrirtækið því á milli ára. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.

Fyrirtæki með 20 til 49 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Fulltingi
Heildareinkunn	4,191	4,648
Stjórnun	4,19	4,80
Starfsandi	4,36	4,80
Launakjör	3,44	3,83
Vinnuskilyrði	4,10	4,87
Sveigjanleiki vinnu	4,46	4,81
Sjálfstæði í starfi	4,36	4,59
Ímynd fyrirtækis	4,37	4,69
Ánægja og stolt	4,34	4,70
Jafnrétti	4,12	4,61

BRYNDÍS GUÐMUNSDÓTTIR

Hrl. og einn eigenda Fulltingis

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR FYRIRTÆKIÐ AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Þetta er frábær viðurkenning fyrir okkur sem heild. Hefur jákvæð áhrif á starfsfólk sem og stjórnendur og er mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut og gera enn betur. Gerir okkur öll stolt af því að vinna hjá fyrirtækinu.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Með því að hlusta á starfsfólk og bregðast við ef eitthvað má betur fara. Það er mikilvægt að starfsfólk finni að allir séu jafn mikilvægir fyrir fyrirtækið og starfsfólki sé umhugað um hvert annað. Þannig skapast góð heild sem allir eru til í að vera hluti af. Starfsumhverfi skiptir einnig mjög miklu máli og hefur áhrif á starfsanda. Einnig tel ég mikilvægt að fyrirtæki séu fjölskylduvæn, þ.e. það sé ákveðið jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Síðan er ekki síst nauðsynlegt að vera með öflugt starfsmannafélag sem sér um að fólk hafi alltaf eitthvað skemmtilegt að gera saman utan vinnutíma.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Halda áfram því sem við höfum verið að gera og gera enn betur. Það er ljóst að árangur og þjónusta fyrirtækisins ræðst mikið af starfsánægju fólksins sem vinnur hjá fyrirtækinu og það skilar sér áfram til ánægðra viðskiptavina. Við munum því halda ótrauð áfram.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER FULLTINGI?

Fulltingi er lögmannsstofa sem sérhæfir sig í að sækja slysa- og skaðabætur.





Meðalstór fyrirtæki ICELAND PROTRAVEL

Heildareinkunn Iceland ProTravel er 4,58. Hæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir starfsandann, 4,9 sem er jafnframt hæsta einkunn fyrir þennan þátt meðal fyrirtækja af þessari stærð. Fyrirtækið fær einnig hæstu einkunn fyrirtækja í þessum stærðarflokki fyrir jafnrétti og fyrir ánægju í starfi og stolt af fyrirtæki, en þessi tvö atriði eru tekin saman í einn þátt. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.

Fyrirtæki með 20 til 49 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Iceland ProTravel
Heildareinkunn	4,191	4,575
Stjórnun	4,19	4,71
Starfsandi	4,36	4,90
Launakjör	3,44	3,51
Vinnuskilyrði	4,10	4,24
Sveigjanleiki vinnu	4,46	4,56
Sjálfstæði í starfi	4,36	4,60
Ímynd fyrirtækis	4,37	4,78
Ánægja og stolt	4,34	4,87
Jafnrétti	4,12	4,81

JESSICA SÓL HELGUDÓTTIR

Deildarstjóri þjónustudeildar Iceland ProTravel

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR ICELAND PROTRAVEL AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Að vera valið Fyrirtæki ársins er mikill heiður fyrir starfsfólk og eigendur fyrirtækisins. Titillinn Fyrirtæki ársins endurspeglar vel það traust, þá virðingu og það góða andrúmsloft sem ríkir hjá fyrirtækinu. Okkar markmið hefur verið að skapa eftirsóknarverðan vinnustað sem greinilega hefur tekist ef marka má úrslit þessara kosninga og mun þessi titill eiga sinn þátt í því í framtíðinni. Hluti af samfélagsábyrgð er að vera góður vinnustaður og framúrskarandi starfsfólk er lykilþáttur í því.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?


Til þess að ná slíkum árangri þurfa allir að leggjast á eitt við að skapa jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi þar sem samskipti allra starfsmanna einkennast af heilindum, gagnkvæmu trausti og virðingu. Eitt helsta einkenni starfsmanna fyrirtækisins er góður húmor en með bros á vör verða öll verkefni svo miklu auðveldari og starfsumhverfið allt skemmtilegra.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Við ætlum að halda áfram að leggja áherslu á að starfsfólk vinni í hvetjandi starfsumhverfi með góðum starfsanda og öflugri liðsheilid. Lykilatriðið er að vera vakandi yfir þörfum starfsmanna en starfsánægja er hagur allra bæði í vinnunni og utan hennar. Könnunin felur í sér öflugt verkfæri sem við munum nýta okkur í framtíðinni bæði til þess að bæta úr því sem mætti betur fara og til að hjálpa okkur að halda vel utan um starfsmenn fyrirtækisins með því að bera saman niðurstöður á milli ára.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER ICELAND PROTRAVEL?

Iceland ProTravel er ferðaheildsala staðsett í fimm löndum sem sérhæfir sig í sölu og skipulagningu á ferðum fyrir erlenda ferðamenn sem koma til Íslands ásamt því að sjá um rekstur á skemmtiferðaskipinu Ocean Diamond.





Meðalstór fyrirtæki **KORTAÞJÓNUSTAN**

Kortapjónustan fékk 4,61 í heildareinkunn í könnun VR í ár. Hæsta einkunn er fyrir starfsanda eða 4,88. Jafnrétti virðist í hávegum haft á vinnustaðnum en einkunn fyrir þátt er sú næsthæsta í stærðarflokknum eða 4,79. Einkunn fyrir ímynd fyrirtækis hækkar mikið á milli ára eða úr 4,39 í 4,80. Þá hækkar einkunn fyrir launakjör, fer úr 3,73 í fyrra í 3,84 í ár. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.

Fyrirtæki með 20 til 49 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Kortapjónustan
Heildareinkunn	4,191	4,614
Stjórnun	4,19	4,76
Starfsandi	4,36	4,88
Launakjör	3,44	3,84
Vinnuskilyrði	4,10	4,17
Sveigjanleiki vinnu	4,46	4,78
Sjálfstæði í starfi	4,36	4,55
Ímynd fyrirtækis	4,37	4,80
Ánægja og stolt	4,34	4,83
Jafnrétti	4,12	4,79

JÓHANNES INGI KOLBEINSSON

Framkvæmdastjóri KORTA

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR KORTAÞJÓNUSTUNA AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Mikil viðurkenning á því að við séum á réttri leið og hvatning til þess að gera enn betur.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?


Margir þættir spila saman. Við erum með gildi sem við leggjum metnað í að fylgja eftir. Gildin hjálpa okkur að byggja upp vinnustað þar sem við berum virðingu fyrir hvert öðru, við leggjum metnað í að hlutirnir séu gerðir af fagmennsku og við leggjum mikið upp úr því að viðhalda gleðinni í starfinu. Við fögnum áföngum sem við náum, bæði stórum og litlum sigrum.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Eitt markmiða okkar er að KORTA sé frábær vinnustaður. Til þess að standa á bak við það viljum við leggja áfram metnað í að hlúa að starfsfólkinu okkar og efla starfsandann. Fólkinu okkar á að líða vel í vinnunni, verkefnin eiga að vera krefjandi og það á að vera gaman.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER KORTAÞJÓNUSTAN?

KORTA er greiðslustofnun, færsluhirðir og „principal member“ hjá Visa og MasterCard, sem veitir greiðsluþjónustu og færsluuppgjör til greiðsluviðtakanda í verslun og þjónustu.





Meðalstór fyrirtæki **MARGT SMÁTT**

Þátturinn ímynd fyrirtækis fær hæstu einkunn hjá fyrirtækinu Margt smátt eða 4,82. Margt smátt er eitt af fimm fyrirtækjum á lista yfir meðalstór fyrirtæki með 4,0 eða hærra fyrir launakjör – einkunnin er 4,23 sem er næsthæsta einkunnin fyrir launin. Einkunn fyrir starfsanda hækkar mest á milli ára hjá fyrirtækinu, fer úr 4,48 í 4,72. Þá eykst ánægja í starfi og stolt einnig, fer úr 4,69 í 4,76. Sjá einkunnir fyrirtækisins að neðan.

Fyrirtæki með 20 til 49 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Margt smátt
Heildareinkunn	4,191	4,605
Stjórnun	4,19	4,63
Starfsandi	4,36	4,72
Launakjör	3,44	4,23
Vinnuskilyrði	4,10	4,24
Sveigjanleiki vinnu	4,46	4,71
Sjálfstæði í starfi	4,36	4,75
Ímynd fyrirtækis	4,37	4,82
Ánægja og stolt	4,34	4,76
Jafnrætti	4,12	4,60

ÁRNI ESRA EINARSSON

Markaðsstjóri og eigandi

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR MARGT SMÁTT AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Það hefur mikla og jákvæða þýðingu fyrir fyrirtækið okkar að vera valið Fyrirtæki ársins. Ekki bara er það viðurkenning til stjórnenda að við séum á réttri leið heldur er þetta líka hvatning í að gera enn betur varðandi aðbúnað og starfsumhverfi starfsfólks. Það er eftirsótt að vinna hjá fyrirtæki sem skorar hátt í þessari könnun og við vitum til þess að fólk hefur sótt um vinnu hérna hjá okkur út af því hversu vel fyrirtækið okkar hefur komið út í þessari könnun undanfarin ár.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Með því að vera meðvituð um hag starfsfólksins, taka gagnrýni með opnum huga og leitast stöðugt við að gera betur. Það er mikilvægt að átta sig á því að án okkar góða starfsfólks væri fyrirtækið ekki neitt. Svo má heldur ekki gleyma því að fyrirtækinu hefur gengið vel og við teljum okkur vera leiðandi fyrirtæki á okkar markaði og það er alltaf skemmtilegra og betra að spila með sigurlíðinu.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Við erum stöðugt að reyna að bæta aðstöðuna og starfsandann og það er margt í pípunum hjá okkur, t.d. endurnýjun á tækjum, ný húsgögn og innréttingar sem er löngu tímabær fjárfesting og svo förum við öll í árhátíðarferð til London í haust sem verður eflaust mjög gaman ásamt einhverjum smærri viðburðum til að byggja upp og halda við okkar góða starfsanda.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER MARGT SMÁTT?

Margt smátt sérhæfir sig í sölu og merkingu á auglýsingavörum fyrir fyrirtæki, íþróttafélög og félagasamtök.





ÓLAFUR GYLFASON

Framkvæmdastjóri Beiersdorf

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR BEIERSDORF AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Það er mjög jákvætt, bæði fyrir fyrirtækið og starfsmennina. Útnefningin vekur mikla athygli út á við og starfsmenn fá mjög jákvæð viðbrögð sem gerir þá ennþá stoltari af sínu fyrirtæki og sinni vinnu.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Það snýst um alla litlu hlutina frekar en eitthvað eitt stórt. Það þarf að hlúa vel að starfsfólkinu. Og þá er mjög gott að kunna að hlusta, s.s. tala minna og hlusta meira. Það er mikilvægt að taka strax á þeim vandamálum sem upp koma. Þá er líka oftast mikið auðveldara að leysa þau. Síðast en ekki síst er að hafa gaman af hlutunum og gera vinnuna að leik.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Það þarf að hafa í huga að svona árangri er ekki náð á einni nóttu eða í einu spretthlaupi. Þetta er langhlaup sem vinna verður með starfsmönnum og þá af bæði alúð og vandvirkni. Við munum því halda áfram á sömu braut og reyna að bæta okkur smátt og smátt, dag frá degi.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER BEIERSDORF?

Beiersdorf ehf. er markaðsfyrirtæki Beiersdorf AG hérlendis og í eigu þess. Beiersdorf er þekktast fyrir snyrtivörumerki sín, t.d. NIVEA og Eucerin.

Lítill fyrirtæki BEIERSDORF

Beiersdorf fær 4,86 í heildareinkunn í hópi lítilla fyrirtækja og 4,9 eða hærri einkunn fyrir sex af níu lykilþáttum. Jafnréttið fær hæstu einkunn eða 4,97 sem er næsthæsta einkunnin fyrir þennan þátt í stærðarflokknum. Ánægja og stolt er næsthæsta einkunn fyrirtækisins. Beiersdorf var ekki á lista yfir Fyrirtæki ársins á síðasta ári en hefur nokkrum sinnum birst á lista félagsins árin þar á undan. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.



Fyrirtæki með færri en 20 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Beiersdorf
Heildareinkunn	4,345	4,855
Stjórnun	4,37	4,92
Starfsandi	4,51	4,80
Launakjör	3,69	4,38
Vinnuskilyrði	4,31	4,94
Sveigjanleiki vinnu	4,55	4,81
Sjálfstæði í starfi	4,47	4,90
Ímynd fyrirtækis	4,48	4,93
Ánægja og stolt	4,46	4,95
Jafnrétti	4,26	4,97



Lítill fyrirtæki EIRVÍK

Eirvík fær 4,83 í heildareinkunn í könnuninni í ár. Hæsta einkunn fyrirtækisins er 4,95 fyrir jafnrétti en þar er meðaltalið 4,26 í þessum stærðarflokki. Heildareinkunn Eirvíkur á síðasta ári var 4,53 og er því umtalsverð hækkun á milli ára. Allar einkunnir hækka milli ára, mest fyrir launin en í ár er einkunn Eirvíkur fyrir launakjör 4,48 en var 3,98 á síðasta ári. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.

Fyrirtæki með færri en 20 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Eirvík
Heildareinkunn	4,345	4,830
Stjórnun	4,37	4,80
Starfsandi	4,51	4,91
Launakjör	3,69	4,48
Vinnuskilyrði	4,31	4,82
Sveigjanleiki vinnu	4,55	4,87
Sjálfstæði í starfi	4,47	4,86
Ímynd fyrirtækis	4,48	4,91
Ánægja og stolt	4,46	4,84
Jafnrétti	4,26	4,95

BALDUR KÁRI EYJÓLFSSON

Fjármálastjóri Eirvíkur

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR EIRVÍK AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Fyrst og fremst er þetta viðurkenning frá starfsfólki okkar um að það sé ánægt í starfi. Ennfremur segir þetta okkur að við séum á rétttri braut í átt að enn betri ánægju meðal starfsfólks. Einnig teljum við að viðurkenningin bæti enn frekar starfsanda fólks á vinnustaðnum sínum. Viðurkenningin hefur enn fremur mjög jákvæð áhrif á ímynd fyrirtækisins út á við. Við erum hreykin af viðurkenningunni og að geta notað hana í auglýsingum næsta árið.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Árangurinn næst með mikilli og sameiginlegri vinnu stjórnenda og starfsfólks. Hugað er að hverjum og einum starfsmanni og tekið er tillit til mismunandi aðstæðna hvers og eins. Mikið er lagt upp úr sveigjanleika vinnutíma eða að því marki sem hægt er að gera í verslun. Við leggjum áherslu á að hafa hreint og huggulegt í kringum okkur og leggjum okkur fram í að hafa vinnuaðstöðu sem besta.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Við teljum mikilvægt að halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á. Við stefnum á að bæta vinnuaðstöðu enn frekar og stuðla þannig að áframhaldandi starfsánægju. Það er lítil tími til að slaka á þegar kemur að því að ætla að viðhalda þeim árangri sem við höfum náð á árinu. Við munum leggja meiri áherslu á sameiningu vinnu og fjölskyldulífs og bjóða upp á sem sanngjörnt laun.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER EIRVÍK?

Eirvík er sérverslun með heimilistæki, innréttingar, iðnaðartæki og rekstrarvöru.





Lítill fyrirtæki RAFFORT

Raffort fær fullt hús stiga, eða heildareinkunnina 5,0, í könnun VR í ár og er fyrsta fyrirtækið í sögu könnunarinnar sem fær hæstu mögulegu heildareinkunn. Það þýðir að einkunn fyrir alla lykilkættina níu er einnig 5,0. Fyrirtæki í þessum stærðarflokki hafa fengið fullt hús stiga fyrir allt að fimm lykilkætti en ekki fyrir alla þættina, fyrr en nú. Raffort hefur ekki birst á lista VR yfir Fyrirtæki ársins síðustu ár.

Fyrirtæki með færri en 20 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Raffort
Heildareinkunn	4,345	5,000
Stjórnun	4,37	5,00
Starfsandi	4,51	5,00
Launakjör	3,69	5,00
Vinnuskilyrði	4,31	5,00
Sveigjanleiki vinnu	4,55	5,00
Sjálfstæði í starfi	4,47	5,00
Ímynd fyrirtækis	4,48	5,00
Ánægja og stolt	4,46	5,00
Jafnrétti	4,26	5,00

JÓN ÞÓR GUÐJÓNSSON

Framkvæmdastjóri Rafforts

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR RAFFORT AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Fyrir okkur sem störfum hjá fyrirtækinu er það fyrst og fremst mikill heiður og viðurkenning á okkar starfsumhverfi og starfsanda, sem er einstakur, og leiðir til þess að allir verða enn ánægðari og stoltari í daglegum störfum. Þetta er jafnframt heiður fyrir okkar viðskiptavini sem hafa tekið sinn þátt í að móta okkur og ímynd fyrirtækisins. Ég vil líka nefna að sú jákvæða athygli sem við fáum við þessa nafnbót styrkir fyrirtækið til framtíðar.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Í okkar tilfelli er það samvinna og hreinskiptin og heiðarleg samskipti á milli allra. Það urðu miklar breytingar hjá okkur á árinu þar sem við fluttum fyrirtækið í nýtt og betra húsnæði. Fyrirtækið var áður staðsett á tveimur stöðum þar sem unnið var við mjög þröngar aðstæður en nú er allt á einum stað í algjörlega frábæru húsnæði með gjörbreyttar vinnuaðstæður og frábæra móttöku fyrir okkar viðskiptavini. Það er „leyndarmálið“ okkar.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Halda áfram á sömu braut, gera betur í dag en í gær, hlúa að hvort öðru og öllum sem okkur sækja heim. Við viljum sem fyrirtæki sýna ábyrgð, vera réttlát, hugsa um umhverfið og síðast en ekki síst muna eftir öllum litlu hlutum sem skipta máli þegar fólk vinnur saman og myndar eina sterka heild. Það er lykillinn að árangri.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER RAFFORT?

Raffort er innflutnings- og heildsölufyrirtæki með sérhæfðan lýsinga- og rafbúnað sem þjónustar bæði einstaklings- og fyrirtækjamarkað.





RANNVEIG SIGFÚSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri Sigurborgar

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR SIGURBORG AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Sigurborg ehf. hefur verið að ganga í gegnum mikla endurskipulagningu að undanfögnu. Það að vera valið „Fyrirtæki ársins“ að mati starfsmanna Sigurborgar er enn ein staðfestingin á því að endurskipulagningin hafi gengið að óskum. Viðurkenning sem þessi hefur jafnframt þau áhrif að hún hvetur bæði stjórnendur og starfsmenn til að halda stöðugt áfram að bæta sig.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Góður starfsandi er lykillinn að þeim árangri. Að stjórnendur séu samkvæmir sjálfum sér, að starfsmenn séu stoltir af vinnustað sínum og að traust ríki á milli einstaklinga er m.a. það sem einkennir starfsandann hjá Sigurborg ehf.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Við munum halda áfram á þeirri braut sem við erum á. Það eru spennandi tímar framundan hjá Sigurborg, við hlökkum til að takast á við verkefni.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER SIGURBORG?

Sigurborg var stofnað árið 1994 og hóf innflutning á japanska snyrtivörumerkinu Kanebo sem heitir í dag SENSAI. Ásamt SENSAI flytur Sigurborg inn vörur frá bareMinerals og er umboðsaðili Dr.Braga sem eru einstakar íslenskar snyrtivörur þróaðar af Dr. Jóni Braga Bjarnasyni heitnum.



Lítill fyrirtæki SIGURBORG

Sigurborg fær heildareinkunnina 4,92 en meðaltalið í flokki lítilla fyrirtækja er 4,35. Sigurborg fær fullt hús stiga fyrir fimm af níu lykillþáttum, þ.e. starfsanda, vinnuskilyrði, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis og ánægju í starfi og stolt af fyrirtæki. Lægstu einkunn fyrirtækisins er fyrir launakjörin en þar fær Sigurborg 4,40 en meðaltalið meðal lítilla fyrirtækja í þessum þætti er 3,69. Sjá einkunnir fyrirtækisins í töflunni.

Fyrirtæki með færri en 20 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Sigurborg
Heildareinkunn	4,345	4,917
Stjórnun	4,37	4,96
Starfsandi	4,51	5,00
Launakjör	3,69	4,40
Vinnuskilyrði	4,31	5,00
Sveigjanleiki vinnu	4,55	4,88
Sjálfstæði í starfi	4,47	5,00
Ímynd fyrirtækis	4,48	5,00
Ánægja og stolt	4,46	5,00
Jafnrétti	4,26	4,93





Lítill fyrirtæki VINNUFÖT

Fyrirtækið Vinnuföt fær 4,92 í heildareinkunn í könnun VR í ár og fullt hús stiga eða fimm stig fyrir þrjú af níu lykilþáttum. Þetta eru starfsandi, sveigjanleiki vinnu og ímynd fyrirtækis. Einkunn fyrir launakjörin er sú næsthæsta í könnuninni í ár eða 4,93 en meðaltalið í þessum stærðarflokki er 3,69. Tveir þættir eru lægstir hjá Vinnufötum, sjálfstæði í starfi og ánægja og stolt af fyrirtæki. Heildareinkunn Vinnufata á árinu 2016 var 4,97. Tvær einkunnir standa í stað á milli ára, fyrir starfsanda og ímynd fyrirtækis, eða 5,0 bæði árin.

Fyrirtæki með færri en 20 starfsmenn	Meðaltal fyrirtækja	Vinnuföt
Heildareinkunn	4,345	4,917
Stjórnun	4,37	4,86
Starfsandi	4,51	5,00
Launakjör	3,69	4,93
Vinnuskilyrði	4,31	4,86
Sveigjanleiki vinnu	4,55	5,00
Sjálfstæði í starfi	4,47	4,85
Ímynd fyrirtækis	4,48	5,00
Ánægja og stolt	4,46	4,85
Jafnrétti	4,26	4,93

STEFÁN KARLSSON

Rekstrarstjóri Vinnufata

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR VINNUFÖT AÐ VERA VALIÐ FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017?

Að vera Fyrirtæki ársins hefur mikla þýðingu fyrir okkur, enda er þetta viðurkenning frá okkar eigin fólki og vitnisburður um það góða starf sem fólkið vinnur á hverjum degi. Við höfum hlotið nafnbótina nokkrum sinnum áður, en þýðingin verður ekki minni þrátt fyrir það.

HVERNIG VERÐUR FYRIRTÆKI AÐ „FYRIRTÆKI ÁRSINS“?

Með því að setja starfsfólk fremst í forgangs röðina. Ánægðara starfsfólk er betur í stakk búið til að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Með því að veita starfsfólki góðan aðbúnað og viðurkenningu fyrir störf sín og forðast stéttaskiptingu, verður til stolt og samkennd sem skilar sér margfalt til baka.

HVAÐ ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ GERA TIL AÐ VIÐHALDA ÞESSUM ÁRANGRI?

Við ætlum að halda áfram á þeirri braut sem við höfum markað á undanförnum árum, en jafnframt vera meðvituð um að það má alltaf gera betur.

AÐ LOKUM, HVERNIG FYRIRTÆKI ER VINNUFÖT?

Vinnuföt er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði vinnu- og öryggisfatnaðar á fyrirtækjamarkaði.



RÍKIÐ BROTLEGT GAGNVART FÉLAGSMÖNNUM VR

Ríkið braut gegn stjórnarskrárvörðum rétti félagsmanna VR þegar það stytta bótatímabil atvinnuleysisbóta úr 36 mánuðum í 30 mánuði fyrir rúmum tveimur árum. Þetta er niðurstaða Hæstaréttar í máli sem VR höfðaði á hendur ríkinu. Formaður VR fagnar niðurstöðunni og segir dóminn senda skýr og mikilvæg skilaboð til stjórnámálanna um að þeir geti ekki gengið á réttindi fólks eins og þeim sýnist.

Breytingar á lögum um atvinnuleysisstryggingar komu til framkvæmda þann 1. janúar 2015. Þær fólu í sér að bótatímabil atvinnuleysisbóta var stytt um sex mánuði, úr 36 mánuðum í 30 mánuði. Síðast þegar lögum um atvinnuleysisstryggingar var breytt, árið 2006, var atvinnuleitendum gefinn aðlögunartími þannig að ekki kæmi til afturvirkar skerðingar, en sú var ekki raunin nú. Skerðingin kom til framkvæmda strax og svipti þannig marga atvinnuleitendur í félaginu atvinnuleysisbótum sem þeir töldu sig eiga rétt til. Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, segir það lágvúrulegt að ganga á réttindi atvinnuleitenda með þessum hætti og skerða greiðslur atvinnuleysisstrygginga fyrirvaralaust. Hér hafi verið ráðist gegn þeim sem minnst mega sín.

Í ljósi þess að hagsmunir félagsmanna voru í húfi taldi VR engan annan kost í stöðunni en höfða mál, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, til að fá þessari ákvörðun löggjafans hnekk. Það var gert í byrjun árs 2015 og var jafnframt höfðað mál fyrir hönd eins félagsmanns sem varð fyrir skerðingu á bótarétti sínum vegna breytinganna. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur.

EKKI HEIMILT AÐ SKERÐA RÉTT TIL ATVINNULEYSISBÓTA

Í stefnunni bendir VR á að breytingarnar á lögnum hafi ekki verið í samræmi við meginreglur stjórnskipunar um réttaröryggi og fyrirsjáanleika. Eignaréttur þeirra sem þegar fengu atvinnuleysisbætur hafi verið skertur með afturvirkum og ólögum hætti og gengið hafi verið gegn réttaröryggi þeirra. Lagasetningin hafi verið byggð á ómálefnalegum forsendum og ekki verið gætt meðalhófs. Ríkið taldi sig geta sparað 1.130 milljónir króna með þessum breytingum.


VR gerði þá kröfu að viðurkennt yrði að ríkinu hafi ekki verið heimilt að skerða réttinn til atvinnuleysisbóta með þeim hætti sem gert var. Undir þá kröfu tók Héraðsdómur. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem birti dóm sinn þann 1. júní 2017. Hæstiréttur tekur undir kröfu VR að þessi sex mánaða stytting á tímabili atvinnuleysisbóta hafi verið óheimil að því marki sem hún skerti bótarétt félagsmanna sem fengu atvinnuleysisbætur 31. desember 2014 eða sóttu um bætur 1. janúar 2015 eða síðar og hefðu haldið áfram að nýta rétt sinn til bóta samkvæmt lögnum frá árinu 2006.

MEDALHÓFS EKKI GÆTT

Í dómi Hæstaréttar segir að atvinnuleysisbætur séu greiðsla af félagslegum toga, fjárhagsaðstoð, sem í aðalatriðum væri þannig til komin að launamaður hefði áunnið sér rétt til bóta með því að sinna í þágu launagreiðanda starfi sem tryggingagjald væri greitt af. Krafa um slíkar bætur væri peningakrafa sem fæli í sér fjárhagsleg verðmæti. Í ljósi þessa eðlis kröfunnar nyti krafan verndar stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu og teldist því eignaréttindi. Löggjafinn gæti sett þessum réttindum takmörk en slík skerðing yrði að taka til allra eignaréttinda af tilteknum toga og af ástæðum sem taldar yrðu almennar. Eðlilegt samræmi þyrfti að vera á milli þess markmiðs með skerðingunni sem löggjafinn hefði stefnt að og þeirra leiða sem notaðar væru til að ná markmiðinu.

Í dómnum segir að þó markmið löggjafans með breytingu á lögum um atvinnuleysisstryggingar hafi verið málefnalegt hafi hann átt þess allan kost að gæta meðalhófs og taka sanngjarnt tillit til þeirra sem hefðu átt virkan rétt til atvinnuleysisbóta eða höfðu virkjað þann rétt fyrir gildistöku laganna þótt þeir hefðu ekki þegið bætur í árslok 2014. Dómurinn taldi að ekki hafi verið gætt meðalhófs gagnvart félagsmönnum VR sem þegar hefði notið bóta og misst þann rétt strax eða fljótlega í kjölfar gildistöku laganna. Löggjafinn hefði haft færi á því að gæta slíks meðalhófs og milda áhrif skerðingarinnar með áþekkingu hætti og gert var við gildistöku eldri laga um atvinnuleysisbætur þegar tímabil atvinnuleysisbóta var stytt úr fimm árum í þrjú árið 2006. Það hafi ekki verið gert og yrði ríkið að bera hallann af því.

VR FYLGIR MÁLINU EFTIR GAGNVART FÉLAGSMÖNNUM

Í ljósi þessarar niðurstöðu gerir VR þá kröfu að Vinnumálastofnun flyti endurreikningi á atvinnuleysisbótum allra félagsmanna VR sem og annarra einstaklinga sem breytingin náði til á þeim tíma, þ.e. þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur 31. desember 2014 eða sóttu um slíkar bætur 1. janúar 2015 eða síðar og hefðu haldið áfram að nýta rétt sinn til bóta samkvæmt lögum. VR hvetur félagsmenn sína, sem breytingin tekur til, til að hafa samband við Vinnumálastofnun og leita réttar síns. VR mun fylgja því eftir að bætur og dráttarvextir verði rétt reiknaðir. 

HEILDARLAUN AÐ MEÐALTALI 630 ÞÚSUND Á MÁNUÐI

Laun hækka um 5,5% á milli ára, launamunur kynjanna óbreyttur.


Heildarlaun VR félaga hækkuðu að meðaltali um 5,5% milli janúar árið 2016 og sama mánaðar 2017 samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR sem birtar voru í byrjun maí. Heildarlaun voru þannig að meðaltali um 630 þúsund krónur á mánuði í janúar í ár. Grunnlaun voru að meðaltali um 588 þúsund krónur á mánuði og höfðu einnig hækkað um 5,5% frá janúar árið 2016.

Laun fyrir klukkustund hækka hins vegar umtalsvert meira en heildar- eða grunnlaun, samkvæmt launakönnuninni, eða um 6,9% yfir sama tímabil. Launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,7% á milli 2016 og 2017 en launavísitala VR, sem mælir breytingar á launum um 70% félagsmanna skv. greiddum iðgjöldum, hækkaði um 6% á milli ára. Kjarasamningabundnar hækkanir á tímabilinu námu 6,2%.

Nokkrar breytingar hafa orðið á milli ára sem geta skýrt það að launahækkun skv. launakönnun í ár er minni en sem nemur kjarasamningsbundinni launahækkun milli janúarmánaða 2016 og 2017. Svarendahópurinn er öðruvísi samsettur, einkum er mikil fjölgun í svörum starfsmanna í lægri launúðum atvinnugreinum og starfsstéttum. Þá er vinnuvika svarenda marktækt styttri í ár sem nemur hálfri klukkustund og starfsaldur félagsmanna hefur lækkað um hálf ár.



PRÓUN Á LAUNAMUN KYNJANNA INNAN VR SAMKVÆMT NIÐURSTÖÐUM LAUNAKANNANNA



Athugið: launakönnun var ekki gerð árið 2002.

HVERJIR HÆKKA MEST?

Sérhæft starfsfólk og tæknar hækka mest á milli ára þegar litið er bæði til grunn- og heildarlauna á tímabilinu frá janúar 2016 til janúar 2017 eða um 7,3% í grunnlaunum og 7,1% í heildarlaunum. Hér er um að ræða yfirflokka starfsheita. Ef litið er til atvinnugreina sést að mesta hækkun launa er hjá fyrirtækjum í iðnaði en þar hækkuðu grunnlaun um 7,5% og heildarlaun um 8,6%.

ÓBREYTTUR LAUNAMUNUR KYNJANNA


Kynbundinn launamunur eykst á milli ára en sú breyting er hins vegar ekki marktæk. Kynbundinn launamunur er nú 11,3% en var 10% á síðasta ári. Munur á heildarlaunum er 15%. Þó breytingin á milli árána 2016 og 2017 sé ekki marktæk hefur munurinn aukist á hverju ári frá árinu 2014 þegar kynbundinn launamunur var 8,5% eða það lægsta sem mælt hefur í launakönnunum VR. Fara verður aftur til aldamótaársins til að sjá marktæka lækkun en þá mældist kynbundinn launamunur 15,3%.

STYTTRI VINNUTÍMI OG LÆGRI STARFSALDUR

Vinnutími félagsmanna VR styttest marktækt á milli árána 2016 og 2017 eða um hálf klukkustund, og er vinnuvikan nú að meðaltali 43,2 klst. Breytingin er meiri hjá körlum en konum eða um 0,6 klst, úr 45,1 árið 2016 í 44,5 árið 2017 og er það marktæk breyting. Breyting hjá konum er ekki marktæk.

Þá lækkar starfsaldur einnig á tímabilinu um hálf ár og mældist að meðaltali 9 ár í könnuninni. Þetta kann að skýrast af aukinni hreyfingu á vinnu-markaði, mun fleiri svarendur fóru í ráðningarviðtal á síðasta ári en áður eða 16% þeirra sem fóru í viðtal af einhverju tagi.

FLEIRI Í STARFSMANNA- OG LAUNAVIÐTAL

Fleiri fóru í starfsmanna- eða launaviðtal hjá atvinnurekanda á árinu 2016 en gerðu á árinu 2015 og er hlutfallið nú það hæsta frá mælingum á þessum þætti eða svipað og árið 2008. Um 87% þeirra sem fóru í launaviðtal eða ráðningarviðtal á árinu 2016 fengu hækkan á sínum launum í kjölfarið. Það vekur athygli að fleiri konur en karlar segja að viðtalið hafi skilað launahækkun. Þá er einnig munur eftir stærð fyrirtækja, fleiri í smærri fyrirtækjum segja að viðtalið hafi skila þeim ávinningi en í stærri fyrirtækjum. Þeir sem fóru í viðtal á árinu eru með 2% hærri laun en þeir sem ekki fóru í viðtal og er munurinn marktækur. 

Nánar er fjallað um launakönnun VR á vefnum, www.vr.is, og birtar launatölur eftir starfsheitum og einnig innan atvinnugreina sem og upplýsingar um framkvæmdina.

82% VR félaga

fylgjast vel með nýjungum og breytingum sem tengjast starfi þeirra*

67% VR félaga

sóttu fræðslu á síðasta ári sem gerði vinnu þeirra áhugaverðari*

2.968 félagsmenn

hafa sótt um styrk í starfsmenntasjóð á þessu ári – ert þú einn af þeim?

*Launakönnun VR 2017

Nánari upplýsingar er að finna á www.vr.is

Virðing
Réttlæti

VR

FRÁ AÐALFUNDI VR – NÝR FORMAÐUR TEKUR VIÐ

Nýr formaður tók við á fjölmennum aðalfundi VR sem haldinn var að kvöldi 28. mars 2017. Þrír nýir einstaklingar tóku sæti í stjórn félagsins. Nýkjörinn formaður, Ragnar Þór Ingólfsson, sagði í ávarpi á fundinum að nýafstaðnar kosningar hafi snúist um ytri áherslur félagsins og hugmyndafræði.

Fullt var út úr dyrum á aðalfundinum en langt er síðan svo margir sóttu aðalfund VR. Á fundinum var farið yfir ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2016 til 2017 og reikninga ársins 2016. Afkoma VR á árinu 2016 var jákvæð, hreinar tekjur til ráðstöfunar námu 775 milljónum króna sem er minna en á árinu 2015 þegar þær voru 841 milljón króna. Lækkun á milli ára nemur 7,8%.

Á fundinum var samþykkt tillaga um framlag í VR varasjóð, 785 milljónir kr. vegna ársins 2016 og rúmlega sjö milljónir kr. vegna ársins 2015. Þetta er 42,7% hærra framlag en á síðasta ári.

Nokkrar breytingar á lögum félagsins voru samþykktar á fundinum og má sjá umfjöllun um þær í frétt frá aðalfundinum á vef VR.

VR Á SUÐURLANDI

Fundarmenn samþykktu tillögu um sameiningu VR við Verslunarmannafélag Suðurlands (VMS) en samningur þar að lútandi var undirritaður í lok árs 2016, með fyrirvara um félagslega afgreiðslu félaganna. Félagsmenn í VMS samþykktu sameininguna í atkvæðagreiðslu fyrr á árinu.

NÝR FORMAÐUR OG STJÓRN TAKA VIÐ

Á fundinum var lýst kjöri formanns og stjórnar fyrir kjörtímabilið 2017–2019. Ólafía B. Rafnsdóttir lét af störfum sem formaður eftir fjögurra ára setu og Ragnar Þór Ingólfsson tók við formennskunni. Þá var einnig kosið til sjö sæta í stjórn en sjö sátu áfram kosnir árið 2016 til tveggja ára. Eftirtaldir fengu kosningu; Ólafur Reimar Gunnarsson, Harpa Sævarsdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Unnur María Pálmadóttir, Helga Ingólfssdóttir og Elisabeth Courtney. Guðrún, Unnur og Elisabeth koma nýjar inn í stjórn. Guðrún Björk Halbjörnsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir voru kosnar varamenn.

KOSIÐ UM ÁHERSLUR OG HUGMYNDAFRÆÐI

Nýr formaður, Ragnar Þór Ingólfsson, ávarpaði fundinn og sagði nýafstaðnar kosningar til formanns hafa snúist um ytri áherslur félagsins og hugmyndafræði sem hann vildi hafa að leiðarljósi. Hann óskaði nýkjörinni stjórn og trúnaðarráði til hamingju með kjörið og sagði það áskorun fyrir

stjórnina að fara yfir niðurstöður kosninganna og leggja línur að framhaldinu. Hann lagði áherslu á aukin skoðanaskipti innan félagsins og aukið samstarf og hvatti trúnaðarráð og félagsmenn til að leggja fram hugmyndir og tillögur sem styrkt geti starfsemi félagsins.

Ragnar Þór þakkaði félagsmönnum fyrir það traust sem honum hafi verið sýnt í kosningunum og kvaðst vonast til að allir gætu tekið höndum saman um niðurstöðuna og unnið hana áfram í sátt og samlyndi. „Við erum rétt að byrja,“ sagði Ragnar Þór Ingólfsson, nýkjörinn formaður VR. [VR](#)





KOSIÐ TIL FORMANNS OG STJÓRNAR VR 2017–2019


Allsherjaratkvæðagreiðsla til formanns og stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2017–2019 var haldin dagana 7.–14. mars 2016. Alls bárust tvö framboð til formanns og ellefu framboð til sjö sæta í stjórn og var kosið milli þeirra. Eitt framboð til stjórnar barst eftir að framboðsfresti lauk og var hafnað. Á kjörskrá voru 33.383 en 5.706 kusu, sem er 17,1% kosningaþátttaka.

NIÐURSTÖÐUR KOSNINGANNA

Ragnar Þór Ingólfsson var kosinn formaður VR til tveggja ára með 63% atkvæða þeirra sem tóku afstöðu eða 3.480 atkvæðum. Ólafía B. Rafnsdóttir fékk 37% atkvæða eða 2.046. Alls tóku 180 ekki afstöðu til frambjóðenda. Eftirtaldir voru kosnir í stjórn VR til tveggja ára, að teknu tilliti til kynjaskiptingar eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR: Ólafur Reimar Gunnarsson (2.161 atkvæði), Harpa Sævarsdóttir (2.124 atkvæði), Birgir Mór Guðmundsson (1.943 atkvæði), Guðrún Björg Gunnarsdóttir (1.863 atkvæði), Unnur María Pálmadóttir (1.785 atkvæði), Helga Ingólfssdóttir (1.686 atkvæði) og Elisabeth Courtney (1.530 atkvæði). Sjö aðalmenn í stjórn sátu áfram, kosnir til tveggja ára árið 2016.

Varamenn til eins árs eru: Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir (1.462 atkvæði), Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir (1.251 atkvæði) og Rannveig Sigurðardóttir (1.155 atkvæði).

Framangreindir aðilar eru því réttkjörnir skv. 20. gr. laga félagsins og hófst kjörtímabil þeirra á aðalfundi VR fyrir árið 2017.

Sjálfkjörið var í trúnaðarráð félagsins þar sem ekkert mótframboð barst við lista stjórnar og trúnaðarráðs VR. Listi yfir fulltrúa félagsins í trúnaðarráði er birtur á vef VR en þar má einnig finna ítarlegri umfjöllun um niðurstöður kosninganna, www.vr.is. 



VR Í VESTMANNAEYJUM

VR blaðið heimsótti skrifstofu VR í Vestmannaeyjum, ræddi við félagsmenn á svæðinu og tók trúnaðarmann VR í Bónus í Vestmannaeyjum tali.



SÝNILEIKI VR MIKILVÆGUR STARFSEMINNI ALLRI


Bjarni Daníelsson er formaður deildar VR í Vestmannaeyjum en ný stjórn var kosin á aðalfundi deildarinnar þann 23. maí síðastliðinn. Félagsmenn VR í Eyjum eru um 230 talsins og segir Bjarni ómetanlegt fyrir Eyjamenn að geta sótt þjónustu félagsins í sinni heimabyggð.

HVER ERU HELSTU VERKEFNI DEILDARINNAR?

„Helsta verkefni deildarinnar er að veita félagsmönnum okkar á svæðinu þjónustu. Ásta Sigrún Gunnarsdóttir er okkar kona á skrifstofunni en auk þess að sinna þeim sem koma á skrifstofuna sér Ásta einnig um að afgreiða umsóknir um nám erlendis sem berast til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Meðal verkefna deildarinnar er einnig að sækja alla mikilvæga fundi eins og aðalfund VR og vera hluti af fulltrúahópi VR á ASÍ þinginu og LÍV þinginu. Þá tókum við þátt í skipulagningu verslunarmannaballsins sem er árlegur viðburður hér í Eyjum og er alltaf hið glæsilegasta.“

HVERSU MIKILVÆG ER DEILDIN FYRIR FÉLAGSMENN?

„Það er ómetanlegt fyrir okkur Eyjamenn að hafa skrifstofuna hér í Vestmannaeyjum þar sem við höfum fengið frábæra þjónustu hjá Ástu undan-

farin ár. Það að þurfa ekki að fara upp á land til að sækja þessa þjónustu er okkur gríðarlega mikils virði. Það er einnig mikilvægt að VR sé sýnilegt félagsmönnum sínum alls staðar og eflir það starfsemi VR á allan máta. Með nýrri stjórn deildar VR í Vestmannaeyjum munum við leggja aukna áherslu á að gera VR í Eyjum meira lifandi og verður spennandi að vinna að nýjum verkefnum á komandi misserum.“ 

VR Í VESTMANNAEYJUM

Skrifstofa VR í Vestmannaeyjum er til húsa að Strandvegi 54.

Skrifstofan er opin kl. 10.00 - 12.00 og 13.00 - 15.00.

Formaður deildar VR í Vestmannaeyjum er Bjarni Daníelsson.

Starfsmaður skrifstofu er Ásta Sigrún Gunnarsdóttir.

510-1700 – vr@vr.is – vr.is



TRÚNAÐARMAÐURINN ÁGÚSTA HALLDÓRSDÓTTIR

Nafn: Ágústa Halldórsdóttir

Aldur: 24 ára

Vinnustaður: Bónus í Vestmannaeyjum

HVAÐ HEFURÐU UNNIÐ LENGI HJÁ ÞÍNU FYRIRTÆKI?

Ég hef unnið hjá Bónus síðan í febrúar 2016 eða frá opnun verslunarinnar hér í Eyjum.

HVAÐ HEFURÐU VERIÐ LENGI TRÚNAÐARMAÐUR?

Ég var kosin trúnaðarmaður í maí 2016.

HVAÐ GERIR TRÚNAÐARMAÐURINN Á VINNUSTAÐNUM?

Ég er aðallega til taks fyrir annað starfsfólk ef það kemur eitthvað upp á eða ef það vill koma einhverju á framfæri. Þá er stundum auðveldara að tala við mig en að ná í yfirmann. Ég fæ einnig annað fólk til mín með alls konar tillögur, stundum kvartanir, sem ég fer síðan með til yfirmanns og við reynum að leysa úr öllu eftir bestu getu.

ERTU Í SAMSKIPTUM VIÐ AÐRA TRÚNAÐARMENN?

Ég er ekki í neinu beinu sambandi en það er rosalega góður Facebook-hópur þar sem er hægt að spyrja alls konar spurninga og fá hjálp frá öðrum trúnaðarmönnum og starfsfólki VR.

HVERNIG FRÆÐSLU HEFURÐU SÓTT ÞÉR SEM TRÚNAÐARMAÐUR?

Ég hef ekki sótt mér neina fræðslu eins og er nema bara úr bæklingum hjá VR og úr greinum á netinu.

HEFURÐU FARIÐ Á VIÐBURÐI Á VEGUM VR ÆTLAÐA TRÚNAÐARMÖNNUM?

Nei, því miður en þar sem samgöngur á milli lands og Eyja eru ekkert sérstakar er oft frekar mikið bras að hoppa til Reykjavíkur á eitt námskeið. En það eru þó nokkur sem mig langar rosalega að fara á og ætla mér að sinna því sem fyrst.

HVERNIG KEMURÐU UPPLÝSINGUM Á FRAMFÆRI VIÐ STARFSFÉLAGA ÞÍNA VARÐANDI STYRKI OG AÐRA ÞJÓNUSTU SEM ER Í BOÐI HJÁ VR?

Við erum með töflu inni á kaffistofu þar sem hægt er að hengja upplýsingar og einnig erum við með Facebooksíðu sem ég hef aðgang að og get sett þar inn nauðsynlegar upplýsingar.

FINNST ÞÉR ÞÚ HAFA LÆRT EITTHVAÐ Á ÞVÍ AÐ VERA TRÚNAÐARMAÐUR?

Já, mér finnst það. Það er alltaf hægt að læra eitthvað nýtt og mér finnst ég hafa kynnst samstarfsmönnum mínum betur og það hefur hjálpað okkur að vinna betur saman.

HVAÐ GERIRÐU Í FRÍTÍMA ÞÍNUM?

Einmitt núna er ég í fæðingarorlofi og er því að njóta þess að vera með nýfæddum syni mínum. 



Nafn: Rebekka Rut Friðriksdóttir

Starf: Hlutastarf með skóla í sjoppunni Kránni

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

Ég er búin að vera í VR í 1½ ár eða síðan í ágúst 2015. Ég er nemandi í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum og vinn með skólanum í sjoppu sem heitir Kráin.

HEFURÐU NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

Já, ég hef nýtt mér starfsmenntasjóðinn.



Nafn: Vilmar Þór Bjarnason


Starf: TM í Vestmannaeyjum

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

Ég hef verið í VR síðan ég byrjaði að vinna, 15–16 ára gamall en hef unnið við ýmiss konar verslunar- og þjónustustörf. Ég byrjaði að vinna hjá TM í Reykjavík árið 2012 en flutti mig til TM í Vestmannaeyjum árið 2015.

HEFURÐU NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

Já, ég nýti mér bæði líkamsræktarstyrkinn og starfsmenntasjóðinn en ég er í söngnámi. Þá hef ég einnig nýtt miðana í Herjólf og afsláttarmiðana í flug hjá Erni.



Nafn: Sigmar Georgsson
Starf: Starfsmaður hjá Geisla

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

Ég hef unnið hjá fyrirtækinu Geisla í 10 ár en hef nú verið hjá VR mun lengur því ég byrjaði að vinna í Kaupfélaginu árið 1967. Ég var formaður Verslunarmannafélags Vestmannaeyja um árabíl og man vel eftir þegar fólk var að hringja og athuga með fæðingarorlofið.

HEFURÐU NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

Já, ég nýti mér orlofshúsin hjá VR í ríkum mæli, mér finnst skemmtilegt að ferðast um landið og þá koma orlofshús VR sér mjög vel.



Nafn: Jóhanna Inga Jónsdóttir
Starf: Eigandi og starfsmaður 900 grill

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

Við eigenmaður minn stofnuðum 900 grill árið 2006 en ég hef verið félagsmaður síðan árið 1989.

HEFURÐU NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

Já, ég hef notað líkamsræktarstyrkinn og einnig leigt orlofsíbúðir hjá VR í Reykjavík.

KJARABARÁTTA SNÝST UM MEIRA EN LAUNIN

Ragnar Þór Ingólfsson starfaði sem sölustjóri hjá reiðhjólaversluninni Erninum og hafði starfað þar í tæp 25 ár þegar hann var kjörinn formaður VR í byrjun mars síðastliðnum. Ragnar Þór er í sambúð með Guðbjörgu Magnúsdóttur og saman eiga þau fimm börn. Fjóla Helgadóttir settist niður með Ragnari Þór og ræddi framtíð félagsins og breyttar áherslur sem fylgja nýjum formanni.



VILDI FREKAR LÁTA KJÓSA SIG ÚT

Ragnar Þór hafði setið í stjórn VR í átta ár áður en hann var kjörinn formaður og hafði alltaf gefið það út að lengur myndi hann ekki sitja. „Þegar ég var í siðanefnd VR á sínum tíma var eitt af vandamálunum hvað fólk hafði þrúsetið í stjórninni, jafnvel í áratugi. Þau sem tóku þátt í vinnunni í siðanefndinni og voru búin að vera lengi í stjórn skildu að hinn almenni félagsmaður hefði alveg jafn mikinn rétt á því að sitja í stjórn félagsins og taka þátt í þessu starfi eins og hver annar. Við höfum hreinlega ekki leyfi til að halda öðru fram og vinna gegn því að það verði nýliðun í félaginu. Það varð því lending að átta ár væru hæfilegur tími til stjórnarsetu. Þegar kom svo að mínum átta árum ákvað ég að taka formannslaginn, að hluta til vegna þess að ég vildi frekar láta kjósa mig út en að hætta, en framboð mitt var hins vegar fyrst og fremst vantraustsýfirlýsing á núverandi stjórn ASÍ og ákall til breytinga innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég vissi að ég yrði sáttari við sjálfan mig og mína baráttu ef ég yrði bara kosinn út, ég hafði lagt mig allan fram og staðið með minni sannfæringu.“

SETIÐ BÁÐUM MEGIN VIÐ BORDIÐ

En svo varð niðurstaða kosninganna allt önnur. Kom það þér á óvart að vera kjörinn formaður VR? „Já það gerði það og það sem kom mér mest á óvart er hversu afgerandi niðurstaðan var. Félagsmenn vissu að framboð mitt var til höfuðs ríkjandi stefnu, gegn Gylfa og forystu ASÍ. Það hefur ekkert breyst, það er gjá milli mín og Gylfa og það mun koma að uppgjöri. Hvort það verður ég eða hann sem fer verður svo bara að koma í ljós. Ég bjóst kannski ekki alveg við því að félagsmenn væru samstíga mér í minni skoðun á verkalýðshreyfingunni og að áherslubreytinga væri þörf.

Nú hef ég gert tveggja ára ráðningarsamning við félagsmenn VR. Ég tala máli félagsmanna og þangað sæki ég minn stuðning. Það þýðir að ég þarf að vera með puttann á púlsinum á því hvað er að gerast í þjóðfélaginu og hverju félagsmenn okkar kalla eftir. Það hefur sýnt sig að ASÍ gerir bara það sem ASÍ vill, óháð því hvort það sé í óþökk fólksins. ASÍ hefur löngum verið eins og varðhundur verðtryggingarinnar, sem langstærsti hluti þjóðarinnar vill losna við og varið lífeyrissjóðskerfið í stað þess að spyrja gagnrýninna



og réttmætra spurninga um kerfið. Kerfið er alltof stórt og alltof flókið en lífeyrissjóðir á Íslandi eru 26 talsins. Rekstur yfirbyggingarinnar er alltof dýr og margt sem hægt væri að gera fyrir þá milljarða sem fara í að borga öllum þessum forstjórum og framkvæmdastjórum.

Það hefur viljað loða við formannsembættið að verða of pólitískt og formenn hafa týnt sér í verkalyðspólitíkinni. Fyrir hrun sat hér formaður sem var stjórnarformaður lífeyrissjóðs verslunarmanna og sat líka í bankaráði Kaupþings. Það er hvorki eðlilegt né æskilegt fyrir verkalyðsforingja að sitja báðum megin við borðið, takandi ákvarðanir sem geta jafnvel unnið gegn hagsmunum launafólks. Undanfarin ár hefur stefna VR verið mjög miðstýrð af ASÍ og alltof mikill tími formanns farið í að sitja í ráðum og nefndum og tengslin við fólkið tapast óhjákvæmilega við þessar aðstæður. Mín reynsla úr atvinnulífnu er sú að um leið að þú hættir að hafa yfirsýn og ferð að taka að þér allt of mikið af verkefnum gerirðu ekkert af þeim nema bara miðlungsvel og framþróunin verður engin. Ég hef ákveðið að taka ekki of mikið að mér í þessari pólitík heldur horfa frekar á stóru myndina. Hlusta á fólkið okkar og rækta sambandið við félagsmenn. Þegar fólk finnur hljómgrunn hjá sínu félagi þá leggur það við hlustir. Ég ætla að heimsækja vinnustaðina með haustinu og hlakka mikið til að hitta félagsmenn á þeirra vinnustöðum og heyra hugmyndir þeirra og vangaveltur. Ég hef líka áhuga á að halda samstöðufundi og opna samtalið um hvernig við sem verkalyðsfélag getum betur beitt okkur sem nauðsynlegt aðhald að stjórnvöldum.“


KJARABARÁTTA SNÝST UM MEIRA EN LAUNIN

„Mín sýn á kjarabaráttuna er að hún snýst ekki bara um að hækka launin heldur snýst hún líka um að auka lífsgæði okkar frá degi til dags og alla ævi. Það þarf allt að haldast í hendur, húsnæðismarkaðurinn, heilbrigðiskerfið og allur grunnurinn að eðlilegu velferðakerfi. Grunnstöðirnar eru að grotna undan okkur, það er ekki flóknara en það. Einkavæðing heilbrigðiskerfisins er þegar hafin, fólk getur keypt sig fram fyrir röð í aðgerðir og annað. Fólk er farið að sjúkdómtryggja sig vegna þess að ef það verður veikt þá









þarf það tryggingafélögin til að bakka sig upp vegna þess að öryggisnetið grípur það ekki lengur. Aðgangur okkar að kerfunum er ekki jafn. Þetta er vandinn með norræna samningalíkanið sem ASÍ hefur talað fyrir. Ef við ætlum að bera okkur saman við Norðurlöndin þá verðum við að gera kröfu um að við séum með heilbrigðiskerfi sem sómi er að, heilbrigðiskerfi sem er gjaldfrjálst með fríum aðgangi að sálfræðipjónustu og tannlækningum. Að grunnþjónustan sé á pari við það sem gerist annars staðar þar sem svona líkön eru virk. Við getum ekki tekið launaliðinn út og sett hann í eitthvað líkan sem gefur örfáum aðilum ákvörðunarrétt um hvert svigrúm til launahækkana sé í heilu samfélagi með óstöðugan gjaldmiðil og vaxtastigið eins og það er.

Við sem verkalyðsfélag eigum að berjast fyrir þessu og lýsa því yfir að við látum ekki bjóða okkur þetta. Við í VR höfum alltaf rekið lestina þegar kemur að kjarasamningunum. Við semjum fyrst og allir fá síðan meira. Við semjum og vöruverð hækkar. Við höfum alltaf verið að elta og það er skýlaus krafa að nú sé komið að okkur að njóta launaskriðsins sem aðrir hafa hingað til notið í okkar skjóli. Lægstu launin í dag standast ekki neina skoðun ef við berum þau saman við framfærsluviðmið og við erum alltof feimin við að tala um þetta. Við þurfum að fara í að reikna út hvað kostar að lifa áður en við semjum um lægstu launin vegna þess að ef við erum verkalyðshreyfing og semjum um lægstu laun sem duga ekki fyrir framfærslu þá erum við ekki að vinna vinnuna okkar. Það er mín vinna næstu misseri að reyna að koma þessum skilaboðum áfram til millitekju- og hátekjuhópana að við verðum að passa grunninn. Þetta á líka við um unga fólkið. Við verðum að leiðrétta launakjör þeirra og kjaranefnd VR er þegar farin af stað í það verkefni.“

Í lokin er við hæfi að spyrja nýja formanninn hvað hann ætli að gera í sumarfríinu? „Við fjölskyldan ætlum meðal annars að ferðast innanlands í sumar og njóta lífsins. Annars vorum við að taka að okkur lítinn hvolp sem er ótrúlega skemmtilegt en líka erfitt þar sem hann er ekki alveg farinn að skilja ennþá að hann megi ekki pissa inni!“ 

KROSSGÁTAN

						Fristundar krossgátur ©	EKKI MARGA	KÓPIÁ	ÚT- REIÐAR	SÍL	GERJUN	TAUG		TOR- VELDARI	MILDRI	LJÓMA
						FORNS- KON- UNGS							SKURÐ- BRÚN		1	
						HRET							HÆGAN GANG LÍF			
						KARL- FUGL ARNAR				SKAGAÐI UPP NÖLDUR						
						HRAKID	STARFI ÖSKERT- RAR					METIN DUGÐI				
		ÍTÖLSK MYNT	RIST MEÐ FLÚRI	STARF- RÆKTI		SKILJA STEFN- UNNI					GRANDA BJÁN- ANUM					
RUDDA- LEG					REIÐ			RÍKI Í AFRIKU BÓKSTAF	2						VATN VIÐ VAGLA- SKÓG	VÍN- SÓPAR
REFSA FYRIR BROT					GLAÐAR FÆDD					IDJU SVÆÐI VIÐ BÆ						
MJÖG STUTTRI										ROSKINN MANN- NAFN- S						
DRAUP				NENNU- LAUSA FLAUTAR	3			NÚA UM NASIR ÍMYND- UN						LÝSIR HIKI VAL		
RÓM- VERSK TALA		EKKI LOKUB RIKI Í AFRIKU	5				MANN- NAFN LIKT RÖSU SAMKOM- UNNI						SN/EFOK Í FJÖSI			
ÖSKJUM								KROSSI KUSKI					STRAUM- VATN AF STALLI ÖNUÐU		4	
LÍMBAND					SAM- VIKUBIT BJARG- BRÚNIR					MÁLFIMI NAFN- BÓT						
MÚL- ARNIR					MEÐ TORFUM MANN- NAFNI					FLJÓTS Í EVROPU GERI ÓLEIK						
FLUGUR		RAF- VEITA MEÐ ENGU Í						GNEISTI PLOKKI							ARBUR	MJÚKAR
FÆDI				ROTNIR FÍNLEGA						TUGUR SUÐ				MÁL- PINNI FUGL		
TÖLU- TAKN		KALLINU TÍMA- MÆLA		6				KEYRT ÁFENGI					SUND- FÆRI LÍK			
TALNA							SKREYT- ING AÐAL- TENGING							ÖSKU- STO Í ÁTTINA TIL		
HUGBOD					Á SKÁK- BORÐI						ANDAÐA					
	LEIÐA				SPYRJID				7		HEIM- REIÐ					



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „Tárakirtill“

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta blaði er Guðrún Finnsdóttir. Guðrún er tiltölulega nýbyrjuð á skrifstofunni hjá Thorskip, þar sem hún starfar á þjónustusviði. Þar áður starfaði hún sem þjónustufulltrúi á Frísvæði hjá Samskip. Guðrún hefur verið félagi í VR í þónokkurn tíma en með einhverjum hléum þó. Helstu verkefni Guðrúnar snúa að farmskrá- og tollskjalagerð en Thorskip er alhliða þjónustufyrirtæki í fraktflutningum. Þess utan hefur Guðrún gaman af því að ferðast, fara á roktónleika og skapa frábærar minningar. Við óskum Guðrúnu innilega til hamingju!

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðu „krossgáta“ utan á umslagið. **Skilafrestur er til 28. júlí 2017.** Utanaskriftn er: **VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is

VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURLANDS

Nú eru liðin hartnær þrjú ár síðan farið var að huga að sameiningu VMS við önnur félög. Aðal ástæðurnar fyrir því voru að lítið félag eins og VMS með 1100 félagsmenn var of lítil eining til að geta fullnægt þeim auknu kröfum sem gerðar eru til stéttarfélags í dag. Sjúkrasjóðir stéttarfélaganna þurfa reglulega að gangast undir tryggingafræðilega úttekt. Síðasta úttekt gaf félaginu grænt ljós en blikur voru þó á lofti, ekki aðeins hjá okkar félagi heldur einnig hjá öðrum félögum af smærri gerðinni. Sum félög hafa þurft að færa réttinn til sjúkradagpeninga úr sex mánuðum, eins og VMS er með, niður í fjóra mánuði. Sú staða er ekki ásættanleg fyrir VMS.




Verslunarmannafélag Suðurlands gerði óformlega könnun á netinu um vilja félagsmanna til sameiningar við önnur félög og kom þar í ljós vilji til að ræða við VR og Báruna, stéttarfélag en þó voru fleiri sem völdu VR. Á aðalfundi í apríl 2016 var ákveðið að fara í könnunarviðræður við Báruna, stéttarfélag og VR með sameiningu í huga. Kosin var nefnd til að ræða við félög. Eftir viðræður við félögin voru þeim sendar spurningar og þau beðin að svara þeim. Þær upplýsingar voru svo kynntar félagsmönnum VMS á veffélagsins. Boðað var til auka aðalfundar hjá VMS 15. nóvember 2016 þar sem

lögum var breytt þannig að rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla yrði bindandi. Samþykkt var á sama fundi tillaga meirihluta stjórnar VMS að ganga til samninga við VR og yrði sá samningur lagður fyrir í atkvæðagreiðslunni og var það samþykkt með 80% atkvæða. Skrifað var undir sameiningarsamning við VR þann 30. desember 2016 og sá samningur var síðan lagður fyrir í rafrænni allsherjar atkvæðagreiðslu eins og áður sagði og hún stóð frá 23. til 30. janúar 2017. Sameiningin var samþykkt af 85% þeirra félagsmanna sem þátt tóku.

Deild VR á Suðurlandi var stofnuð á stofnfundi deildarinnar þriðjudaginn 2. maí síðastliðinn. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn en fundarstjóri var Rannveig Sigurðardóttir varamaður í stjórn VR. Fyrsti formaður deildar VR á Suðurlandi er undirritaður, Gils Einarsson. Á stofnfundinum var kosið í stjórn og eru Ásta Björk Ólafsdóttir og Arndís Anna Sveinsdóttir aðalmenn en varamenn eru Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Erlingsdóttir og Hólmfríður Stella H. Ólafsdóttir.

Suðurlandsdeildin nærvið sama félagssvæði og VMS gerði áður, þ.e. Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Þær breytingar sem verða á þjónustuskrifstofunni eru þær að skrifstofan verður stórefld, starfsmönnum verður fjölgað og stöðugildin sem voru 1,4 verða nú að rúmum þremur stöðugildum. Talsverðar breytingar verða á verkefnum skrifstofunnar, sum verkefni fara til Reykjavíkur en önnur koma hingað á Selfoss. Enginn starfsmaður sem var hjá þjónustuskrifstofunni missir vinnuna við sameininguna. Ásta Björk, sem er hjá PSS, og undirritaður verða starfsmenn deildarinnar og auglýst verður svo eftir starfsmanni þegar þar að kemur. Félagsmenn VMS urðu fullgildir félagar í VR þann 1. febrúar síðastliðinn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

Þó auðvitað sé eftirsjá að Verslunarmannafélagi Suðurlands er það trú mín að þetta verði gæfuspör fyrir okkur félagsmenn og að réttindi okkar eigi eftir að stórukast. Skrifstofa Suðurlandsdeildar VR mun að sjálfsögðu þjónusta félagsmenn sína eins vel og mögulegt er. Við verðum áfram á Austurvegi 56 Selfossi og bjóðum þig velkomin/n. 

Gils Einarsson

Formaður deildar VR á Suðurlandi

